

**Greinargerð um starfsemi fagraðs eineltismála í
grunnskólum 2015-2017**

Forsagan

Fagráð eineltismála í grunnskólum var eitt af verkefnum þeim sem Verkefnastjórn um aðgerðir gegn einelti kom á fót. Verkefnastjórnin var skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra til þriggja ára í árslok 2010 til þess að fylgja eftir tillögum nefndar um [aðgerðir gegn einelti](#) frá júní 2010.

Verkefnisstjórnin var skipuð fulltrúum mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, innanríkisráðherra og velferðarráðherra. Ríkisstjórn Íslands samþykkti að veita 9 millj. kr. á ári til verkefnisins til þriggja ára frá 2011-2013. Markmið verkefnisins var að stuðla að vitundarvakningu um það samfélagslega vandamál sem einelti er, vekja athygli á þáttum í skóla- og starfsumhverfi sem geta stuðlað að einelti, skilgreina leiðir til að taka á kvörtunum á einelti, skapa umræðu um neikvæð samfélagsleg áhrif eineltis og vinna að aðgerðum til að sporna gegn einelti.

Skipun og hlutverk

Fagráð eineltismála í grunnskólum var skipað af þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra Katrínu Jakobsdóttur 9. mars 2012 og tók að fullu til starfa í nóvember sama ár. Fagráðið starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis en er sjálfstætt í störfum sínum hvað varðar málsmeðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Fagráðið var þannig skipað frá 2012 til áramóta 2016/2017: Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir náms- og starfsráðgjafi, Páll Ólafsson félagsráðgjafi, formaður ráðsins og Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur.

Fagráðið hefur einkum tvíþætt hlutverk við meðferð mála, sem því berast. Í fyrsta lagi er ráðið stuðningsaðili við skólasamfélagið, sem meðal annars getur falist í almennri ráðgjöf, leiðbeiningum eða upplýsingagjöf. Í öðru lagi skal ráðið leitast við að ná fullnægjandi úrlausn í eineltismálum, sé þess nokkur kostur, og gefa út ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga er ráðinu berast í tilteknu máli. Ef fagráðið telur að ekki liggi fyrir nægilega greinargóðar upplýsingar skal það afla þeirra, annaðhvort með formlegum hætti og/eða með viðtölum við málsaðila. Álitin eru ráðgefandi og endanleg og skal fagráðið afla upplýsinga um stöðu máls með formlegum hætti innan árs frá útgáfu. Séu málsaðilir ósáttir við úrlausn máls getur fagráðið tekið málið upp aftur, að beiðni aðila máls, telji það tilefni til þess á grundvelli [24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993](#).

Hverjir geta leitað til fagráðsins?

Þeir sem geta leitað til fagráðsins eru foreldrar og aðrir aðilar skólasamfélagsins, svo sem nemendur, starfsfólk og stjórnendur grunnskóla auk annarra aðila sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- og tómstundastarfi, ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir aðkomu starfsfólks skóla og skólaþjónustu sveitarfélaga. Í öllum tilvikum er um að ræða aðila sem koma að starfsemi sem á sér stoð í grunnskólalögum og er þar vísað til lagarammans sem fagráðið starfar eftir og nær m.a. til starfsemi frístundaheimila fyrir nemendur í yngri árgöngum grunnskóla óháð rekstrarformi, félags- og tómstundastarfs sem fram fer sem hluti af starfsemi grunnskóla, starfsemi skólabúða þar sem nemendur dvelja um stundarsakir, vettvangsferða og skólaferðalaga á vegum skólans eða foreldra og allrar annarrar starfsemi á vegum grunnskóla.

Lagaramminn

Fagráð eineltismála í grunnskólum starfar á grundvelli 4. mgr. 30 gr. laga nr. [91/2008](#) um grunnskóla og hefur hlutverk þess verið nánar útfært í reglugerð nr. [1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélags í grunnskólum og verklagsreglum nr. [465/2016](#) um starfsemi fagráðs eineltismála í grunnskólum.

Rúmu ári eftir skipun fagráðs 2012 þótti eðlilegt að endurskoða verklagsreglur um starfsemi fagráðs í ljósi reynslunnar. Í nóvember 2013 hófst endurskoðunarferlið og lauk að mestu ári síðar og tóku nýjar endurskoðaðar verklagsreglur gildi 31. maí 2016. Í endurskoðunarferlinu var óskað eftir umsögnum ýmissa aðila en eingöngu bárust umsagnir frá Skólástjóraráðgjafi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fundað var með báðum þessum aðilum og fjallað um athugasemdir þeirra. Lagðar voru til breytingar á verklagsreglunum í kjölfar þessarar vinnu en mikið af þeim voru til komnar vegna umsagna fyrrgreindra aðila og reynslu fagráðsins.

Sem dæmi um breytingar með nýjum endurskoðuðum reglum má nefna að fleiri aðilar geta nú óskað eftir aðkomu fagráðs. Áður voru það foreldrar og skólar en við bættust *nemendur, starfsfólk skóla og aðrir sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómstundastarfi*. Einnig er kveðið á um skipun varamanna ráðsins og hlutverk og ábyrgð verkefnastjóra skilgreint. Nýju verklagsreglurnar bættu þær gömlu upp m.a. með tilliti til bættra stjórnsýsluhátta í meðferð mála.

Umsýsla

Menntamálastofnun annast umsýslu fagráðsins. Með bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 15. desember 2014 voru verkefni sem efla skólabrag og velferð nemenda flutt frá ráðuneytinu til Námsmatsstofnunar (nú Menntamálastofnunar) þ.á m. umsýsla og utanumhald með fagráði eineltismála í grunnskólum. Starfsmaður fagráðsins frá 18. nóvember 2015 er Erla Ósk Guðjónsdóttir.

Fagráðið er með sér vefsíðu [gegneinelti.is](#) en til stendur að yfirfæra þær upplýsingar sem þar eru inn á heimasíðu stofnunarinnar.

Fjármál

Taflan hér að neðan sýnir kostnaðaráætlanir fagráðs fyrir árin 2015-2017

2015	
Þóknun til fagráðsins	3.500.000.- kr.
Fundir, námskeið og risna	1.000.000.- kr.
Samtals	4.500.000.- kr.
2016	
Þóknun til fagráðsins	3.500.000.- kr.
Fundir, námskeið og risna	2.000.000.- kr.
Samtals	5.500.000.- kr.
2017	
Þóknun til fagráðsins	3.500.000.- kr.
Fundir, námskeið og risna	2.000.000.- kr. *
Samtals	5.500.000.- kr.

Til nánari skýringa:

Fagráðið fundar tvisvar í mánuði en getur fundað oftast ef þurfa þykir (skv. verklagsreglum). Kostnaður pr. fund með fullri mætingu er 137.500.- kr. (2x25.000.- + 37.500). Formaður fær 50% álag. Hver fundur er skilgreindur sem klukkutímfundur + 2ja tíma vinna milli funda. Þóknun er skilgreind sem aðkeypt sérfræðivinna.

Annar kostnaður er t.d. ferðakostnaður fyrir málsaðila sem koma á fund fagráðs, ferðir fagráðs ef þurfa þykir og annað tilfallandi.

* Í kostnaðaráætlun fyrir árið 2017 var gert ráð fyrir auknum fjölda funda vegna kynninga.

Fundir

Fjöldi funda fagráðsins var sem hér segir:

2015	7 fundir
2016	15 fundir
2017	2 fundir

Tölulegar upplýsingar um afgreiðslur mála

Yfirlit yfir afgreiðslu mála sem vísað var til fagráðs.

Frá nóvember 2012 til 31. desember 2014

Tilvísanir	17
Útgefin ráðgefandi álit	13
Dregið til baka	1
Vísað til viðeigandi aðila	3

Frá 31. desember 2014 til 24. janúar 2017 (fagráðið hættir störfum).

Tilvísanir	8
Útgefin ráðgefandi álit	7
Vísað til viðeigandi aðila	1

Samtals

Tilvísanir	25
Útgefin ráðgefandi álit	20
Dregið til baka	1
Vísað til viðeigandi aðila	4

Yfirlit yfir ráðgefandi álit fagráðs 31. desember 2014 til 24. janúar 2017:

Dags. álit	Kyn þolanda	Skipt um skóla
17. nóvember 2016	drengur	Já
6. september 2016	stúlka	Já
7. júní 2016	drengur	Nei
23. maí 2016	stúlka	Nei
2. febrúar 2016	stúlka	Nei
9. júní 2015	drengur	Já
21. október 2015	stúlka	Nei

Af þeim sjö málum sem hér um ræðir höfðu þrjú börn sem voru þolendur í málunum skipt um skóla vegna eineltisins, áður en málin komu til meðferðar fagráðsins.

Mál til meðferðar - Hvað einkennir málin? - Hvað má betur fara? Tímabilið 2012-2014

Fagráðið telur að sjá megi ákveðnar línur í þeim málum sem hafa borist, þó þau séu um margt ólík. Þau einkennast af samskiptavanda bæði starfsfólks skóla og foreldra, flókinni stöðu fullorðinna þar sem vinasambönd, skilnaður eða átök hafa áhrif á málin. Í litlum sveitarfélögum eru foreldrar sem tengjast eineltismálum oft einnig starfsfólk skólanna eða tengjast þeim og starfsmönnum skóla jafnvel vina- eða fjölskylduböndum og getur þá verið erfitt fyrir fólk að aðgreina þau hlutverk. Vinnubrögð skólanna hafa áhrif á vinnslu mála, gögn málanna sýna að léleg skráning starfsmanna skólans eða ómarkviss og óljós vinnubrögð geta gert foreldra órugga og leitt til þess að þeir upplifi að ekki sé hlustað á þá og þeir vita ekki hvaða vinna fer fram í skólanum eða telja jafnvel að ekkert hafi verið gert.

Þá einkennir það nokkur þessara mála að þar er um að ræða börn með alvarlega geðræna erfiðleika og fá þau þjónustu í öðrum kerfum svo sem barna- og unglingsgeðdeild, félagsþjónustu og/eða barnavernd sveitarfélaganna. Í þeim tilvikum virðist vera hætt á því að það verði óljóst hver er málastjórinn og leiði þannig vinnslu málsins, foreldrar fá misvísandi skilaboð og skólakerfið er ekki samstillt vinnslu annarra kerfa. Einnig virðist því miður bera á því að starfsfólk skólans sé ekki einhuga bak við þá vinnu sem er í gangi með börnin, kennarar eru oft meðvitaðir þátttakendur í að kveða niður einelti en annað starfsfólk skólans eins og t.d. skólaliðar, starfsfólk í mótuneyti og í sundlaugum og íþróttahúsum er ekki sett inn í þá vinnu sem er í gangi hverju sinni.

Það er einnig mat fagráðsins að í sumum málum sé um að ræða foreldra sem eiga við andleg veikindi að stríða en eru að berjast við kerfið í þágu barna sinna. Oft er flókið að koma málum í viðeigandi úrræði eins og félagsþjónustu eða barnavernd. Í sumum málum hefur komið upp sú staða í skólanum að hinu skilgreinda eineltismáli er lokið a.m.k. samkvæmt skilgreiningu skólans en útilokun barnsins frá hópnum heldur áfram. Svo virðist vera að það séu mismunandi skilgreiningar í gangi á hugtakinu einelti. – Útilokun, óbein skilaboð eins og að rúlla augum, andvarpa, gera lítið úr o.s.frv. getur verið einkenni á einelti og þarf að vinna með. Einnig eiga skólar stundum erfitt með að taka á einelti sem á sér stað utan skólatíma t.d. í tómstundum barnanna en teygir sig engu að síður inn í líf barnanna í skólanum. Í sumum málum sem fagráðið hefur skoðað hefur vinnslan tekið allt of langan tíma sem hefur leitt til þess að foreldrar hafa misst alla trú á aðgerðum skólans og eru reiðir og sárir út í skólafyrvöld. Í þeim málum hafa einnig stuðningskerfi skólans s.s. sérfræðiþjónustan eða skólaskrifstofan ekki unnið nógu markvisst að lausn mála. Þá virðist óljóst hver fer fyrir málinu og skólastjórnendum vísað fram og til baka milli stofnana sem eiga að styðja þá.“

Tímabilið 2015-2017

Þau mál sem bárust fagráði í framhaldinu, þ.e. árin 2015-2017 sýna að sömu atriðin einkenna þau mál sem á eftir komu. Nokkur viðbótaratriði má þó nefna en þau eru m.a.:

1. Við skólaskipti barna berast ekki viðhlítandi upplýsingar á milli skóla.

2. Röng nálgun skóla í málum. Í sumum málum hefði verið best að vinna með allan bekkinn í heild og funda með foreldrum allra barna í bekknum frekar en að einblína á þolanda/geranda.
3. Vöntun er á að haft sé samband við foreldra geranda til að upplýsa þá um hvað er í gangi með þeirra börn og fá þá til samvinnu og leiðbeina þeim með það verkefni að nálgast sín börn til aðstoðar við að láta af óæskilegri hegðun.
4. Það vantar eftirfylgni með málum af hálfu skólans.
5. Vöntun á fræðslu og þjálfun kennara í meðhöndlun samskipta- og eineltismála.

Eftirfylgni mála

Eftirfylgni er viðhöfð innan árs frá útgáfu ráðgefandi álits og hefur leitt í ljós að málsaðilar eru í flestum tilvikum mjög ánægðir með þær úrlausnir sem fagráðið leggur til í ráðgefandi álitum sínum og skólar nýta lausnirnar.

Skipun fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum

Í reglugerð nr. [326/2016](#) um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í framhaldsskólum er mælt fyrir um starfrækslu fagráðs eineltismála í framhaldsskólum og tekur reglugerðin mið af sambærilegri reglugerð fyrir grunnskólann. Gera má ráð fyrir að málum muni fjölga verulega þar sem fagráðið yrði fyrir bæði skólastigin og líka með aukinni kynningu og auknu gildissviði verklagsreglnanna þar sem fleiri aðilar geta óskað eftir aðkomu fagráðs. Fagráð eineltismála í grunnskólum er skipað til áramóta 2017/2018.

Samstarf við Erindi um vinnslu mála

Á þeim millibilstíma þangað til annað fagráð verður skipað eða annað fyrirkomulag tekið upp gerði Menntamálastofnun óformlegt samkomulag við [Erindi](#) - samtök um samskipti og skólamál um aðkeypta sérfræðiþjónustu í vinnslu mála.

13. júní 2017

Erla Ósk Guðjónsdóttir

starfsmaður fagráðs eineltismála í grunnskólum